



*Viðauki við lýsingu dagsetta 4. júní 2013 (lýsingunni)  
sem gefin var út í tengslum við umsókn REG 2 Smáralindar um töku flokks eignavarinna skuldabréfa,  
REG2SM 12 2, til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði NASDAQ OMX Iceland hf.*

Viðauki þessi er gefinn út á grundvelli 46. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 þar sem kemur fram að komi fram mikilvægar nýjar upplýsinga sem máli geta skipt við mat á verðbréfunum skuli útbúa viðauka við lýsingu þar sem greint er frá viðkomandi atriðum. Lýsingin skal höfð til hliðsjónar við lestur viðauka þessa og gilda skilgreiningar í lýsingu jafnframt um viðauka þennan. Við útgáfu viðaukans myndar hann órjúfanlegan hluta lýsingarinnar.

Í viðaukanum kemur leiðrétt málsgrein í stað fjórðu málsgreinar liðar B.40, kafla 1. Samantekt í lýsingu sem birt var 4. júní 2013. Leiðréttingin snýr að því að útgefandi greiðir rekstrarfélaginu umsýsluþóknun sem annars vegar er föst þóknun og hins vegar *uppgreiðslugjald* en í lýsingu sem birt var 4. júní 2013 kom fram að útgefandi greiddi rekstrarfélaginu fasta þóknun og *breytilega eignastýringarþóknun*.

Eftirfarandi málsgrein kemur í stað fjórðu málsgreinar í lið B. 40, kafla 1. Samantekt:

Fram kemur í 6. gr. reglna útgefanda að útgefandi greiðir rekstrarfélaginu umsýsluþóknunir sem annars vegar eru föst þóknun og hins vegar *uppgreiðslugjald*. Föst þóknun er á ársgrundvelli 0,1% af meðalstöðu heildareigna sjóðsins (eru þá ekki dregnar skuldbindingar frá eignum sjóðsins). Greiða skal föstu þóknunina mánaðarlega en ef lausafjárstaða sjóðsins nægir ekki til að greiða þóknunina á hverjum tíma þá frestast greiðsla þar til staða lausafjár er nægjanleg en ber sömu vexti og útgefin skuldabréf sjóðsins. Sjóðurinn greiðir rekstrarfélaginu *uppgreiðslugjald* komi til þess að fjárfesting sjóðsins samkvæmt a) lið 4. gr. verði greidd upp fyrir upphaflegan lokagjalddaga þá skal sjóðurinn greiða rekstrarfélaginu sem nemur 1/3 af *uppgreiðslugjaldi* eins og það er til greint í umræddri fjárfestingu.

## 1. TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Viðauki þessi er unnin í samræmi við íslensk lög og reglugerðir. Tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 hefur verið innleidd í íslenskan rétt, þar á meðal lög nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Lýsingin fylgir ákvæðum um upplýsingagjöf í lýsingum skv. viðaukum V, VII, VIII og XV við fylgiskjal I við reglugerð nr. 243/2006 (um lýsingu eignavarinna skuldabréfa í einingum undir 50.000 evrum). Lýsingin er einnig útbúin með hliðsjón af þeim reglum NASDAQ OMX Iceland hf. sem gilda um töku verðbréfa til viðskipta. Lýsingin er gefin út á íslensku og er óskipt í einu skjali. Lýsingin hefur verið staðfest af Fjármálaeftirlitinu á Íslandi. Viðauka, eða önnur skjöl sem tilheyra lýsingu útgefanda, má undir engum kringumstæðum skoða eða túlka sem loforð um árangur í rekstri eða um ávöxtun fjármuna af hálfu útgefanda, rekstrarfélags, umsýsluaraðila eða annarra aðila. Fjárfesting á fjármálagerningum sem gefnir eru út af sjóðnum eru alfarið á ábyrgð hvers fjárfestis fyrir sig. Fjárfestar eru minntir á að þeir verða fyrst og fremst að treysta eigin dómgreind vegna fjárfestingar í verðbréfum útgefanda og taka tillit til þeirrar áhættu sem í fjárfestingunni felst. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum, verðbréfafyrirtækjum og sparissjóðum, til aðstoðar við mat á verðbréfum útgefanda sem fjárfestingarkosti. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem kaup í verðbréfum útgefanda kunna að hafa og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti.

Viðauka, eða öðrum skjölum sem eru hluti af lýsingunni, skal ekki dreifa (hvorki senda í pósti né dreifa á annan hátt) til landa þar sem dreifing myndi krefjast viðbótar skráningarferlis eða aðgerða annarra en þeirra sem heyra undir íslensk lög og reglur, eða ef slík dreifing greinir á við lög eða reglur viðkomandi landa. Lýsingu þessari skal ekki dreifa á neinn hátt til eða innan Bandaríkjanna, Ástralíu, Kanada eða Japan.

Fyrirtækjaráðgjöf Fjárfestingabankasviðs Arion banka hf., kennitala 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, hefur fyrir hönd útgefanda og rekstrarfélags umsjón með því að fá skuldabréfin tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Umsjónaraðilinn hefur verið ráðgjafi útgefanda og rekstrarfélags við ferlið og þar með talið við undirbúning þessa viðauka. Fyrirtækjaráðgjöf Fjárfestingabankasviðs Arion banka hf. hefur unnið að gerð viðaukans í samráði við ábyrgðaraðila útgefanda og er hún byggð á upplýsingum frá útgefanda.

#### ***Yfirlýsing ábyrgðaraðila fyrir hönd útgefanda***

Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri Stefnis hf. rekstrarfélags, kt. 700996-2479, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, sem fer með æðsta vald í málefnum útgefandans REG 2 Smáralindar fagfjárfestasjóðs, kt. 621112-9960, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, samkvæmt því sem lög og reglur útgefanda ákveða, lýsa því yfir að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingarnar, sem viðauki þessi hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og engum upplýsingum verið sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hans.

Reykjavík, 7. júní 2013

Fyrir hönd Stefnis hf.

Hrund Rudolfsdóttir  
formaður stjórnar Stefnis hf.

Flóki Halldórsson  
framkvæmdastjóri Stefnis hf.

Viðauki þessi er dagsettur 7. júní 2013

*Umsjónaraðili með töku til viðskipta*

